



Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Samantekt fyrir tímabilið 29.08.2016 – 31.05.2018

Öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs og skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa 67 ára og eldri. Ráðið er vistað hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og ber mannréttindastjóri ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu þess.

Fulltrúar öldungaráðs voru kosnir á fundi borgarstjórnar 20. janúar 2015 og í ráðinu sitja:

Aðalmenn

Guðrún Ágústsdóttir, formaður

Kjartan Magnússon, varaformaður

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Bryndís Hagan (tók við af Hrafn Magnússyni 30. ágúst 2017, þegar Hrafn flutti frá Reykjavík).

Sveinn Grétar Jónsson

Varamenn

Helga Kristín Hjörvar

Áslaug María Friðriksdóttir

Brynjólfur I. Sigurðsson

Sjöfn Ingólfssdóttir (tók við varamennsku af Bryndísi Hagan, sem varð aðalmaður í stað Hrafns Magnússonar).

Ingólfur Antonsson

Áheyrnarfulltrúi: Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri velferðarsviðs.

Tengiliðir öldungaráðs á sviðum borgarinnar

Öldungaráð óskaði eftir tengiliðum sviðanna og eru þeir eftirfarandi:

Ómar Einarsson – ÍTR

Ólöf Örvarsdóttir – USK

Signý Pálsdóttir – MOF

Steinunn Hjartardóttir – SFS

Berglind Magnúsdóttir – VEL

Starfshópar

Formaður öldungaráðs hefur á tímabilinu átt sæti í starfshópi Aldursvænna borga, starfshópi stefnumótunar í málefnum aldraðra 2017 – 2020 og starfshópi vegna stefnumótunar í velferðartækni. Öldungaráð átti einnig fulltrúa í starfshópi um heilsueflingu aldraðra sem nú hefur lokið störfum; Sveinn Grétar Jónsson. Ráðið hefur veitt fjölda umsagna um ýmis mál sem tengjast málaflokknum s.s. tæknilausnir í öldrunarmálum, frístundaþjónustu aldraðra, aðgerðir í húsnæðismálum aldraðra, aðgerðir til að auka kosningaþátttöku eldri borgara, svo fátt eitt sé nefnt. Formaður hefur tekið sæti í starfshópi um heimilisofbeldi gegn öldruðum.

Fundir öldungaráðs

Fyrsti fundur öldungaráðs var haldinn 11. mars 2015. Ráðið hefur frá þeim tíma fundað 28 sinnum, að jafnaði fjórum sinnum á ári. Öldungaráð hefur verið mjög öflugt frá stofnun þess og málum fjölgað. Borgarráð samþykkti því þann 21. desember 2017 að tillögu borgarstjóra, að fundum ráðsins yrði fjölgað á árinu 2018. Samkvæmt samþykkt ráðsins er að auki haldinn einn sameiginlegur fundur með borgarstjórn á ári og er hann opinn. Fyrsti fundurinn var haldinn 22. september 2015 og setti borgarstjóri Dagur B. Eggertsson fundinn undir yfirskriftinni: Stefnumörkun í málefnum aldraðra. Framsögumenn voru Pálmi V. Jónsson yfirlæknir á öldrunarsviði LSH sem kynnti verkefnið Aldursvænar borgir og sviðsstjórar allra sviða borgarinnar voru með stutt innlegg um samvinnu sviðanna við ráðið. Formaður og Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður FEB og fulltrúi í öldungaráði fluttu ávörp.

Árið 2016 var sameiginlegur fundur ráðsins og borgarstjórnar haldinn 17. október og var fjallað um húsnæðismál aldraðra. Borgarstjóri og formaður öldungaráðs fluttu ávörp og til máls tóku Stefán Eiríksson, þá sviðstjóri velferðarsviðs Reykjavíkur, Anna Björg Jónsdóttir öldrunarlæknir og Hrafn Magnússon fulltrúi öldungaráðs Reykjavíkur. Á þennan fund mættu fulltrúar allra flokka sem sæti eiga á alþingi og kynntu stefnu síns flokks í húsnæðismálum eldra fólks. Ráðið fundaði einnig með velferðarráði í Borgum í febrúar 2016 þar sem formaður og Þórunn Sveinbjörnsdóttir sátu í pallborði.

Ráðið stóð síðan fyrir öðrum opnum fundi í apríl 2016, undir yfirskriftinni; Aldraðir – fátækir, hvað á þetta að þýða? Aðalfyrirlesarar þar voru þau Kolbeinn H. Stefánsson sérfræðingur hjá Hagstofu Íslands og Ellý Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri hjá velferðarsviði borgarinnar.

Árið 2017 var sameiginlegur fundur ráðsins og borgarstjórnar haldin þann 14. nóvember undir yfirskriftinni: Skipulag aldursvænna borga – hvernig? Þar tóku til máls Guðrún Ágústsdóttir, formaður öldungaráðs, Pétur Gunnarsson rithöfundur, Kjartan Magnússon borgarfulltrúi og fulltrúi í öldungaráði Reykjavíkur, Ólöf Örvarsdóttir sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður Landssambands eldri borgara og fulltrúi í öldungaráði Reykjavíkur.

Þann 10. apríl 2018 var haldin opin fundur ráðsins undir yfirskriftinni Eldri innflytjendur – Hver er staða þeirra? Öldungaráð taldi aðkallandi að vekja athygli á líf skjörum eldri

innflytjenda sem margir hverjir glíma við alvarlega fátækt, einangrun og úrræðaleysi. Þar tóku til máls Guðrún Ágústsdóttir, formaður öldungaráðs, Barbara Jean Kristvinsson, sérfræðingur í málefnum innflytjenda, Edda Ólafsdóttir, félagsráðgjafi á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður landssambands eldri borgara og fulltrúi öldungaráðs Reykjavíkur. Eldri borgararnir Igbale Cena frá Serbíu og Andrzej Stodulski frá Póllandi, fluttu erindi um sína reynslu sem eldri innflytjendur á Íslandi. Í pallborði sátu fyrir svörum þær Kristín Anna Björnsdóttir, félagsstarfi eldri borgara í Hæðargarði og Hvassaleiti. Halldóra Jóhannesdóttir, lögfræðingur Tryggingarstofnunnar og Margrét Jónsdóttir, deildarstjóri lífeyrismála hjá Tryggingarstofnun ríkisins.

Þann 2. maí lagði öldungaráð fram svohljóðandi tillögu til borgarráðs um aukið samráð til að bæta stöðu eldri innflytjenda á Íslandi:

Öldungaráð Reykjavíkur efndi á dögnum til ráðstefnu þar sem fjallað var um kjör aldraðra sem eru af erlendu bergi brotnir. Þar kom fram að kjör þessa fólks eru oft afar léleg. Það stafar ekki síst af því að aldraðir sem eru af erlendum uppruna eiga ekki rétt á tekjutryggingu nema aðeins að hluta til. Lagaákvæðin kveða á um að fólk fái fyrst fulla tekjutryggingu þegar það hefur búið á Íslandi í 40 ár. Framundan er mikil fjöldun aldraðra af erlendum uppruna af fyrstu, annarri eða þriðju kynslóð. Það er nauðsynlegt að samfélagið allt, borg, ríki og samtök aldraðra búi sig undir það að þessu fólki fer fjölgandi. Telur öldungaráðið að borgin og Félag eldri borgara í Reykjavík þyrftu að efna til samstarfs við ríkið og önnur sveitarfélög um að móta stefnu og tillögur um það hvernig lífskjör aldraðra af erlendum uppruna verða öruggari en nú er.

Tillagan var tekin fyrir á fundi borgarráðs þann 17. maí og vísað til áframhaldandi vinnslu hjá velferðarnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, samstarfsnefnd félagsmálastjóra og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Fundargestir

Á fundi öldungaráðs hafa komið ýmsir sérfræðingar sem tengjast málaflokknum. Þar má nefna; Margréti Steinarsdóttir framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands, fulltrúa öldungaráðs Hafnarfjarðar, Sóleyju Tómasdóttir forseta borgarstjórnar, Soffíu Pálsdóttur skrifstofustjóra skóla- og frístundasviðs og Þórhildi Guðrúnu Egilsdóttur deildarstjóra heimaþjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Elínu Oddnýju Sigurðardóttur formann velferðarráðs, Ragnheiði Ísaksdóttur starfsmannastjóra borgarinnar og Auði Björgvinsdóttur, Tómas Inga Adolfsson sérfræðingur í málefnum fatlaðs fólks, Sigurð Garðarsson verkefnisstjóra nýs hjúkrunarheimilis og öldrunarseturs við Sléttuveg, Barbara Jean Kristvinsdóttur sérfræðingur í málefnum innflytjenda hjá Reykjavíkurborg, Halldóru Gunnarsdóttur sérfræðingur í jafnréttismálum, Ingibjörgu Harðardóttur dósent við menntavísindasvið HÍ, Sigríði Arndísi Jóhannsdóttur, Líney Úlfarsdóttur sálfræðingur þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Jónu Guðný Eyjólfsdóttur deildarstjóra húsnæðis- og velferðarsviðs, Eddu Ólafsdóttur félagsráðgjafa á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Sumir þessara gesta komu oftast en einu sinni á fundi.

Samráðsfundir

Þann 21. mars 2018 var haldinn samráðsfundur með Félagi eldri borgara og komu þeir Ellert B. Schram og Hrafn Magnússon á fundinn.

Öldungaráð Hafnarfjarðar kom á samráðsfund 2016 og sá fundur var endurgoldinn 23. mars 2018.

Vettvangsferðir

Ráðið hefur farið í þó nokkrar vettvangsferðir og kynnt sér stofnanir og þjónustu fyrir aldraða í borginni. Ráðið hefur meðal annars heimsótt Borgir í Grafarvogi, Félagsmiðstöðina Hæðargarði 31, Droplaugastaði, Vitatorg, Mörkina, Furugerði, Seljahlíð, Gerðuberg, Heimaþjónustu Árbæjar og Öldrunardeild LSH Landakoti, Sóltún og Samtök aldraðra við Sléttuveg. Þá hefur ráðið einnig heimsótt og fengið kynningu á yfirstandandi vinnu umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar á hverfaskipulagi borgarinnar og uppbyggingu á nýju hjúkrunar- og dvalarheimili við Sléttuveg.

Annað

Að auki hafa formaður og aðrir ráðsmenn mætt á fundi hjá ýmsum félögum og félagasamtökum sem vilja fræðast um starfið, verið í viðtölum í fjölmiðlum og skrifað greinar í blöð og tímarit sem sýnir að töluverður áhugi er á starfseminni.